

L Ö G

um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið ábyrgist samkvæmt lögum þessum greiðslu á launakröfum á hendur vinnuveitanda, sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota.

2. gr.

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Sama gildir um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi svo og orlofsgreiðslur.

Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta vegna vanskila á greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi.

Launþegi, sem hlut á í fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, getur þó ekki fengið greiðslu úr ríkissjóði á launum hjá því fyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Sama á við um forstjóra fyrirtækis, þótt hann eigi ekki hlut í því, svo og þá, sem setið hafa í stjórn gjaldþrotafélags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.

Ráðherra getur þó ákveðið með reglugerð, að 3. mgr. greinar þessarar taki ekki til þeirra, sem eiga aðeins óverulegan tiltekinn hlut í hlutafélagi eða fyrirtæki og fara ekki með umboð annarra hluthafa.

Greiðsla samkvæmt grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið þreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 27. des. 1971.

3. gr.

Ábyrgðin tekur einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti. Þetta gildir þó ekki um bú, sem reynast eignalaus og innköllun því ekki gefin út. Krafa um ábyrgð vegna ógreiddra vinnulauna í slíkum búum skal gerð eigi síðar en ári eftir að skiptameðferð lýkur. Í þessum tilvikum skal réttmæti launakröfu sannað með þeim hætti, sem ráðuneytið metur gildan.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið innir af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða samkvæmt lögum þessum. Þegar greiðsla er innt af hendi samkvæmt reglum þessara laga, skal halda eftir því, sem skylt er, á sama hátt og við útborgun launa hjá vinnuveitanda.

Ráðuneytið má eigi inna af hendi greiðslu fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið og eigi heldur fyrr en krafa launþega er komin í gjalddaga. Greiðslu á kröfu til launa í uppsagnarfresti má inna af hendi mánaðarlega eftir á, uns hún er að fullu greidd. Gagnkröfur, sem til greina ber að taka við launagreiðslur samkvæmt lögum, skulu dregnar frá greiðslum samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Kröfur á hendur ríkissjóði um greiðslu á launum samkvæmt lögum þessum ber að senda félagsmálaráðuneytinu innan árs frá lokum innköllunarfrests í þrotabúinu, sbr. þó 3. gr.

6. gr.

Kröfu, sbr. 5. gr., skulu fylgja upplýsingar skiptaráðanda um þau atriði, sem varða réttmæti kröfu og skilyrði þau, sem sett eru í lögum þessum fyrir því, að greiða beri kröfuna úr ríkissjóði.

7. gr.

Ráðuneytið annast greiðslu þeirra krafna, sem því berast, sbr. 5. gr., og fullnægja skilyrðum laganna um greiðsluskyldu innan fjögurra vikna frá því að krafan barst ráðuneytinu.

Nú telur ráðuneytið vafa leika á réttmæti kröfu, og getur það þá krafist þess, að kröfuhafi láti því í té úrskurð skiptaréttar um réttmæti hennar.

8. gr.

Ríkissjóður á rétt til endurgreiðslu úr þrotabúi skuldara á þeim fjárhæðum, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem eignir búans hrökkva til samkvæmt úthlutun skiptaráðanda. Endurkrafa ríkissjóðs nýtur sama forgangsréttar í þrotabúinu sem sú krafa, er hann leysti til sín. Fyrnist sá réttur ekki, meðan endurkrafan er ófyrnd.

Ráðuneytið tilkynnir skiptaráðanda um greiðslur, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Nú framselur launþegi kröfu, sem um ræðir í 2. gr., og glatast þá réttur til greiðslu úr ríkissjóði, nema krafan hafi verið framseld hlutaðeigandi samtökum atvinnurekenda eða launþega, eftir að úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp.

10. gr.

Hafi launþegi gefið rangar upplýsingar eða þagað um atriði, sem máli skipta í sambandi við greiðslu úr ríkissjóði, ber launþega að endurgreiða það, sem hann hefur ranglega fengið.

Sé um vítavert athæfi að ræða, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

11. gr.

Opinber stjórnvöld, vinnuveitendur og stéttarfélag skulu eftir beiðni ráðuneytisins veita upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu samkvæmt lögnum.

12. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.